

## AUGLÝSING

### um fyrirvarssamning við Danmörku varðandi vegabréfsáritanir.

Hinn 11. september 2019 var í Borgarnesi gerður samningur um fyrirvar milli lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Danmerkur. Samningnum var í samræmi við heimild í lokaákvæði hans beitt til bráðabirgða frá undirritunardegi.

Samningurinn öðlaðist gildi 7. júní 2021 og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 23. september 2021.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

---

*Martin Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal.**

SAMNINGUR UM FYRIRSVAR  
MILLI  
LÝÐVELDISINS ÍSLANDS  
OG  
KONUNGRÍKISINS DANMERKUR

Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands  
og ríkisstjórn Konungsríkisins Danmerkur,

SEM ÓSKA EFTIR ÞVÍ að setja reglur um samskipti landa sinna að því er varðar fyrirvar vegna afgreiðslu á umsóknum um vegabréfsáritanir, með vísan til samningsins sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þáttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og á grundvelli Bandalagsreglna um vegabréfsáritanir (hér á eftir nefndar vegabréfsáritunarreglur ESB) sem eru í gildi á hverjum tíma, nú reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 810/2009 frá 13. júlí 2009 og handbókin um vegabréfsáritunarreglur, sem og orðalag þessa samnings,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTAR um eftirfarandi:

1. gr.

*Umfang fyrirvarsins.*

Danmörk tekur að sér fyrirvar fyrir Ísland á eftirtöldum stöðum, sem eru:

<p>Ástralía, Sydney Búlgaría, Soffía Búrkína Fasó, Ouagadougou Kanada, Ottawa Kína, Guangzhou Kína, Shanghai Egyptaland, Kairó Bretland, London Eþíópía, Addis Ababa Gana, Akkra Indland, Nýja-Delí Indónesía, Jakarta Íran, Teheran Írland, Dublin Ísrael, Tel Aviv Japan, Tókýó Kenya, Naíróbí</p>	<p>Malí, Bamakó Mexíkó, Mexíkóborg Pakistan, Islamabad Palestína, Ramallah Rúmenía, Búkarest Sádi-Arabía, Riyadh Serbía, Belgrad Singapúr, Singapúr (1. september 2019 – 31. desember 2019 einnig umsóknir frá Malasíu) Suður-Afríka, Pretoría Taívan, Taipei Tailand, Bangkok Tyrkland, Ankara Sameinuðu arabísku furstadæmin, Dúbaí Bandaríkin, New York Vítnamei, Hanoi</p>
--	--

2. gr.

*Skilyrði varðandi fyrirvar.*

Fyrirsvarið felur í sér:

1. upplýsingar til almennings, eftir því sem við á,
2. viðtöku umsókna um vegabréfsáritanir og, ef nauðsyn krefur, lífkennaupplýsinga í samræmi við gr. 8.1. í vegabréfsáritunarreglunum,
3. meðferð umsókna um vegabréfsáritanir og útgáfu vegabréfsáritana í samræmi við gr. 8.1. í vegabréfsáritunarreglunum,
4. synjun um vegabréfsáritanir eftir meðferð umsókna í samræmi við d-lið gr. 8.4., sbr. 32. gr. vegabréfsáritunarreglnanna,
5. kærur í samræmi við gr. 32.3 í vegabréfsáritunarreglunum,

6. meðferð umsókna um dvalarleyfi (umsókna um D-áritanir) fyrir umsækjendur með ótímabundið dvalarleyfi í því landi þar sem sendiskrifstofan sem veitir fyrirsvaer er staðsett, í samræmi við þær verklagsreglur sem settar eru fram í viðauka A.

Óheimilt er að gefa út vegabréfsáritun með takmarkað gildissvæði (VLTV) án heimildar íslenskra stjórnvalda. Þetta á þó ekki við ef takmörkunin kemur eingöngu til vegna þess að Schengen-aðildarríkin hafa ekki öll viðurkennt ferðaskilríkin nema það sé landið sem nýtur fyrirsvarsins sem viðurkennir ekki ferðaskilríkin.

Landinu sem veitir fyrirsvaer er heimilt að festa vegabréfsáritanir á öll ferðaskilríki sem íslensk stjórnvöld viðurkenna.

Fylgiskjöl með umsókn um vegabréfsáritun ber að þýða, ef nauðsyn krefur, á eitt af þeim vinnutungumálum sem sendiskrifstofan, sem gefur vegabréfsáritunina út, notar. Umsækjandi um vegabréfsáritun stendur straum af kostnaði við þýðinguna.

Ef fram koma spurningar, einkum í tengslum við boðsaðila eða ábyrgðaraðila, er sendiskrifstofu landsins sem veitir fyrirsvarið heimilt að hafa samband við íslensk yfirvöld og óska frekari rannsóknar. Tengiliðir eru skráðir í viðauka C.

Í þeim tilvikum þar sem ríkisfang krefst samráðs annast landið, sem veitir fyrirsvaer, samráðið.

Erlenda sendiskrifstofan tekur, í samræmi við almenna starfshætti sína og samkvæmt sömu skilmálum og gilda um aðra umsækjendur hjá sendiskrifstofunni um vegabréfsáritanir, til skoðunar hvort umsækjandinn eigi rétt á flýtimeðferð. Flýtimeðferð getur varðað greiðari aðgang til að geta lagt umsóknina fram, gildistíma vegabréfsáritunar, minni kröfur vegna fylgiskjala (í samræmi við samþykktar skrár innan ramma staðbundins Schengen-samstarfs) og samþykkt vegabréfsáritana sem gilda fyrir fleiri en eina komu með gildistíma frá sex mánuðum til fimm ára.

Landinu sem veitir fyrirsvaer er heimilt að eiga samstarf við utanaðkomandi þjónustuaðila (ESP) á fleiri en einum stað, í samræmi við og að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 9. mgr. 8. gr. vegabréfsáritunarreglnanna. Landið sem veitir fyrirsvaer upplýsir landið sem nýtur fyrirsvars ef um er að ræða skipulagt samstarf við utanaðkomandi þjónustuaðila sem hefur áhrif á samninga um fyrirsvaer.

#### 4. gr.

##### *Tölfræðilegar upplýsingar.*

Sé þess óskað upplýsir landið sem veitir fyrirsvaer landið sem nýtur fyrirsvars um fjölda vegabréfsáritana sem sótt hefur verið um, gefnar hafa verið út eða fengið synjun.

#### 5. gr.

##### *Gjöld.*

Gjöld fyrir afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritanir eru innheimt í samræmi við Schengen-réttarreglurnar. Landið sem veitir fyrirsvaer á rétt á öllum gjöldum.

Ísland bætir Danmörku upp, eftir því sem við á, kostnað sem dönsku sendiskrifstofunnar stofna til og fellur utan þess fasta gjalds sem þær fá fyrir afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritun á þeim stöðum þar sem fjöldi umsókna um vegabréfsáritanir til Íslands eru fleiri en 1.500. Sérstakt fyrirkomulag varðandi slíka uppbótargreiðslu er sett fram með formlegum hætti í formi viðauka við þennan samning sem ber heitið „Viðauki B - Uppbótargreiðsla vegna viðbótarkostnaðar“. Viðaukinn er óaðskiljanlegur hluti þessa samnings.

#### 6. gr.

##### *Breytingar og uppsögn.*

Samningi þessum má breyta eða segja upp með því að skiptast á orðsendingum. Þetta verður gert í nánu samstarfi aðilanna tveggja.

Uppsögn þessa samnings, þar sem Danmörk segir samningnum upp í heild eða segir upp fyrirsvari á fleiri en 7 stöðum samtímis, tekur gildi 24 mánuðum eftir að utanríkisráðuneyti Íslands tekur við orðsendingunni um uppsögnina. Ef röð uppsagna á hlutum þessa samnings yfir 12 mánaða tímabil jafngildir uppsögn á fyrirsvari á fleiri en 7 stöðum tekur orðsendingin, sem leiðir til þess að 7 staða markinu er náð, gildi 24 mánuðum eftir móttöku orðsendingarinnar.

Uppsögn Danmerkur á allt að 7 stöðum í þessum samningi yfir 12 mánaða tímabil tekur gildi 90 dögum eftir að utanríkisráðuneyti Íslands tekur við orðsendingunni eða orðsendingunum um uppsögnina.

Tilkynna skal utanríkisráðuneyti Danmerkur um uppsögn þessa samnings af hálfu Íslands, að hluta eða í heild, samkvæmt eftirfarandi:

- i. a.m.k. sex mánuðum áður en til uppsagnar kemur að því er varðar fyrirvar með færri en 800 umsóknir vegna Íslands á ári nema báðir aðilar hafi samþykkt styttra tímabil með skýrum hætti,
- ii. a.m.k. einu ári áður en til uppsagnar kemur að því er varðar fyrirvar með fleiri en 800 umsóknir vegna Íslands á ári nema báðir aðilar hafi samþykkt styttra tímabil með skýrum hætti.

Við sérstakar aðstæður eða þegar fjármagn er takmarkað hefur Danmörk heimild til að takmarka fjölda þeirra umsókna sem samþykktar eru á degi hverjum hjá fyrirvarsskrifstofu. Tilkynna verður utanríkisráðuneyti Íslands um takmörkunina a.m.k. 30 dögum áður en hún kemur til framkvæmda. Í slíkum tilvikum leitast aðilarnir við að finna lausnir í sameiningu til að tryggja bestu mögulegu skilyrði vegna móttöku umsókna um vegabréfsáritanir í samræmi við samning þennan.

7. gr.

*Lokaákvæði.*

Í viðaukum við þennan samning má bæta við frekari gagnlegum skilyrðum vegna framkvæmdar samningsins ef aðilarnir koma sér saman um sérstaka skilmála, t.d. hámarksfjölda umsókna sem Danmörk tekur til meðferðar á tilteknum stöðum.

Samningur þessi öðlast gildi til bráðabirgða frá og með undirritunardegi, að undanskilinni 5. gr. og viðauka B sem öðlast gildi til bráðabirgða frá og með undirritunardegi og koma til framkvæmda 1. janúar 2018.

Samningur þessi skal samþykktur í samræmi við lagareglur hvors samningsríkis um sig og öðlast endanlega gildi á þrítugasta degi eftir að skipst hefur verið á diplómatískum orðsendingum þar sem slíkt samþykki er tilgreint.

Samningur þessi kemur í stað allra eldri samninga um fyrirvar milli lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Danmerkur.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í tvíriti í Borgarnesi 11. september 2019 á ensku.

Fyrir hönd  
Lýðveldisins Íslands:

Guðlaugur Þór Þórðarson

Fyrir hönd  
Ríkisstjórnar Konungsríkisins Danmerkur:

Jeppe Kofod

## VIÐAUKAR

## Viðauki A

**Meðferð dvalarleyfa (D-áritanir).**

Meðferð á umsóknum um dvalarleyfi (umsóknir um D-áritanir) sem er beint til Íslands á einungis við um umsækjendur sem dvelja ótímabundið í því landi þar sem sendiskrifstofa sem veitir fyrirvar er staðsett.

Útlendingastofnun Íslands tekur við, annast meðferð og tekur ákvarðanir um allar umsóknir um dvalarleyfi á Íslandi (umsóknir um D-áritanir).

Umsækjendur um dvalarleyfi verða að senda umsóknir sínar beint til Útlendingastofnunar á Íslandi, í samræmi við þá málsmeðferð sem aðgengileg er á vefsetri hennar. Samþykki Útlendingastofnun umsóknina ber stofnunin ábyrgð á því að upplýsa umsækjandann um ákvörðunina.

Tölvupóstur með afriti af vegabréfi umsækjandans er sendur til dönsku sendiskrifstofunnar og felur í sér heimild til útgáfu D-áritunar.

Umsækjandinn hefur samband við VFS og pantar tíma til að leggja inn vegabréf sitt, þ.m.t. gögn frá Útlendingastofnun um veitingu dvalarleyfis og vegabréfsmynd. VFS aflar lífkenna (eingöngu ljósmyndar) og sendir sendiskrifstofunni málið til frágangs/útgáfu D-áritunar. Umsækjandinn greiðir sendiskrifstofunni fyrir þessa þjónustu í netversluninni, auk þess sem hann greiðir VFS þjónustugjald.

Danska sendiskrifstofan er vinsamlegast beðin um að bera kennivottorð umsækjandans saman við frumrit vegabréfsins, afrit vegabréfsins frá Útlendingastofnun og ljósmyndina sem tekin er hjá VFS.

## Viðauki B

**Uppbótargreiðsla vegna viðbótarkostnaðar.**

Við undirritun samnings um fyrirvar milli Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Danmerkur hafa samningsaðilarnir orðið ásáttir, í samræmi við 5. gr. samningsins, um eftirfarandi ákvæði sem skulu vera óaðskiljanlegur hluti samningsins.

## 1. gr.

*Uppbótargreiðsla vegna viðbótarkostnaðar.*

Ísland bætir Danmörku upp, eftir því sem við á, kostnað sem dönsku sendiskrifstofunnar stofna til og fellur utan þess fasta gjalds sem þær fá fyrir afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritun á þeim stöðum þar sem fjöldi umsókna um vegabréfsáritanir til Íslands eru fleiri en 1.500. Ekki verður greidd uppbótargreiðsla fyrir 1.500 umsóknir af heildarfjölda umsókna um vegabréfsáritun á hverjum stað. Uppbótargreiðsla er afturvirk og reiknuð árlega á grundvelli þjónustutekna, fjölda umsókna um vegabréfsáritanir og kostnaðar næstliðins árs.

Fjárhæð uppbótargreiðslu byggist á hreinum meðalkostnaði við hverja umsókn um vegabréfsáritun á þeim stöðum þar sem fjöldi umsókna um vegabréfsáritanir til Íslands eru fleiri en 1.500 talsins. Hreinn kostnaður er mismunurinn milli kostnaðar við umsýslu umsókna sem er beint til Íslands og tekna af fastri þóknun. Umsýslukostnaðurinn byggist á beinum og óbeinum kostnaði í tengslum við umsóknir um vegabréfsáritanir til Íslands, þ.m.t. leiga húsnæðis, laun, upplýsingatækni og miðlægur fastakostnaður. Hreinn meðalkostnaður er reiknaður sem mismunurinn á kostnaði og þjónustutekjum, deilt með fjölda umsókna. Hreinn meðalkostnaður við hverja umsókn er margfaldaður með fjölda umsókna um vegabréfsáritanir til Íslands, að frádregnum 1.500 til að reikna út heildaruppbótargreiðslu tiltekins árs. Hreinn meðalkostnaður við hverja umsókn um vegabréfsáritun er reiknaður árlega á grundvelli raunkostnaðar tiltekins árs.

## 2. gr.

*Árleg greiðsla.*

Greiðsla er innt af hendi árlega. Utanríkisráðuneyti Danmerkur sendir utanríkisráðuneyti Íslands reikning í maímánuði, sem byggist á reikniðferðinni í 1. gr. þessa viðauka, vegna uppbótargreiðslu

fyrir næstliðið ár. Sem dæmi þá byggist uppbótargreiðsla fyrir árið 2018 á hreinum meðalkostnaði upp á 21,2 danskar krónur (DKK) fyrir hverja umsókn um vegabréfsáritun.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað viðauka þennan.

GJÖRT í tvíriti í Borgarnesi, 11. september 2019 á ensku.

Fyrir hönd  
Lýðveldisins Íslands:

Guðlaugur Þór Þórðarson

Fyrir hönd  
Ríkisstjórnar Konungsríkisins Danmerkur:

Jeppe Kofod

#### Viðauki C

#### **Tengiliðir íslenskra og danskra stjórnvalda.**

Ísland – Utanríkisráðuneytið – spurningar varðandi samninginn.

Utanríkisráðuneytið  
Schengen-áritanir og fyrirsvarssamningar  
Rauðarárstíg 25  
105 Reykjavík  
SÍMI +354 545 9900 / BEINN SÍMI +354 545 7341  
Tölvupóstfang [visa@utn.is](mailto:visa@utn.is)  
[WWW.MFA.IS](http://WWW.MFA.IS)

Útlendingastofnun Íslands – almennar og sértækar spurningar.

Útlendingastofnun Íslands  
Dalvegi 18  
201 Kópavogur  
SÍMI +354 444 0900  
Tölvupóstfang [visa@utl.is](mailto:visa@utl.is)  
[WWW.UTL.IS](http://WWW.UTL.IS)

Danmörk – Utanríkisráðuneytið – spurningar varðandi samninginn.

Udenrigsministeriet  
Asiatisk plads 2  
1448 København K  
SÍMI +45 3392 0000 / BEINN SÍMI +45 3392 1406  
Tölvupóstfang [bvp@um.dk](mailto:bvp@um.dk)  
[WWW.UM.DK](http://WWW.UM.DK)

Borgarnesi 2019

REPRESENTATION AGREEMENT  
BETWEEN  
THE REPUBLIC OF ICELAND  
AND  
THE KINGDOM OF DENMARK

The Government of the Republic of Iceland  
and The Government of the Kingdom of Denmark,

DESIRING to regulate the relationship between their two countries regarding representation in the handling of visa applications and with reference to the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the latter's association with the implementation, application and development of the Schengen acquis, and on the basis of the Community Code on Visas (hereinafter; EU Visa Code) in force at any time, currently Regulation (EC) No 810/2009 of the European Parliament and of the Council of 13 July 2009 and the Visa Code Handbook as well as the wording of this agreement

HAVE AGREED as follows:

Article 1

*Extent of the representation.*

Denmark represents Iceland in the following locations:

<p>Australia, Sydney Bulgaria, Sofia Burkina Faso, Ouagadougou Canada, Ottawa China, Guangzhou China, Shanghai Egypt, Cairo United Kingdom, London Ethiopia, Addis Ababa Ghana, Accra India, New Delhi Indonesia, Jakarta Iran, Tehran Ireland, Dublin Israel, Tel Aviv Japan, Tokyo Kenya, Nairobi</p>	<p>Mali, Bamako Mexico, Mexico City Pakistan, Islamabad Palestine, Ramallah Romania, Bucharest Saudi Arabia, Riyadh Serbia, Belgrade Singapore, Singapore (1 September 2019 – 31 December 2019 also applications from Malaysia) South Africa, Pretoria Taiwan, Taipei Thailand, Bangkok Turkey, Ankara UAE, Dubai USA, New York Vietnam, Hanoi</p>
---	--

Article 2

*Conditions of representation.*

The representation includes:

1. Information to the public where appropriate;
2. The collection of visa applications and, if necessary, of biometric data in accordance with Article 8.1. of the Visa Code;
3. The examination of visa applications and the issuing of visas in accordance with Article 8.1. of the Visa Code;
4. Refusal of visas after examination of the application in accordance with Article 8.4. (d), cf. art. 32, of the Visa Code;
5. Appeals being conducted in conformity with Article 32.3 of the Visa Code.

6. Processing of applications for a residence permit (D-visa applications) for applicants with permanent stay in the country of the representing mission in accordance with the procedures set out in Annex A

No Visa with Limited Territorial Validity (VLTV) can be issued without authorization from the Icelandic authorities. However, this does not apply if the limitation is solely due to the fact that not all Schengen Member States recognize the travel document, unless it is the represented country that does not recognize the travel document.

The representing country is authorized to affix visas to all travel documents recognized by Icelandic authorities.

Supporting documents for the visa application must be translated, if necessary, into one of the working languages used by the issuing mission. The visa applicant will cover the costs of the translation.

In the event of questions, in particular related to the inviting party or sponsor, the mission of the representing country may contact the Icelandic authorities requesting further investigation. Contact points are listed in Annex C.

For nationalities for which consultation is required, the consultation will be carried out by the representing country.

The Foreign mission, in line with the general practice of the Foreign Mission and on equal terms with the Mission's other visa applicants will consider if the applicant is eligible for a facilitated procedure. Facilitation may relate to the provision of easy access for submission of applications, the duration of a visa, leniency concerning supporting documents (in accordance with the approved lists in the framework of the Local Schengen co-operation) and the granting of a multiple entry visa with a period of validity ranging from six months to five years.

The representing country may work with an External Service Provider (ESP) at one or more locations, in accordance with and under the conditions stipulated by Visa Code Article 8 (9). The representing country will inform the represented country in case of planned cooperation with an external service provider where representation agreements are affected.

#### Article 4

##### *Statistics.*

The representing country will, upon request, inform the represented country of the number of visas that have been applied for, issued or refused.

#### Article 5

##### *Fees.*

Visa fees are charged in accordance with the Schengen Acquis. The representing country is entitled to all fees.

At locations where the number of visa applications to Iceland exceeds 1.500 and the Danish missions incur costs not covered by the fixed visa fee, Iceland will compensate Denmark accordingly. A special arrangement about such compensation is formalised in the form of an annex to this agreement, titled "Annex B Compensation for additional cost." The annex shall form an integral part of this agreement.

#### Article 6

##### *Amendments and termination.*

This agreement can be amended or terminated with the exchange of notes. This will be done in close cooperation between the two parties.

The termination of this agreement, whereas Denmark cancels the entire agreement or cancels representation simultaneously in more than 7 locations, comes into effect 24 months from the date of receipt of the verbal note notifying the Ministry for Foreign Affairs of Iceland of the termination. Should successive partial terminations of this agreement within any 12 month period amount to a termination of representation in more than 7 locations, the verbal note triggering the 7 location limit, will come into effect 24 months from the date of receipt of the verbal note.



The termination of up to 7 locations in any 12 month period of this agreement by Denmark comes into effect 90 days from the date of receipt of the verbal note(s) notifying the Ministry for Foreign Affairs of Iceland of the termination.

The termination of this agreement or parts of this agreement by Iceland shall be notified to the Ministry of Foreign Affairs of Denmark according to the following:

- i. at least six months prior to termination concerning representations with less than 800 applications for Iceland per year, unless both parties have explicitly agreed on a shorter period.
- ii. at least one year prior to termination concerning representations with more than 800 applications for Iceland per year, unless both parties have explicitly agreed on a shorter period.

In case of special circumstances or resource constraints, Denmark may limit the number of applications accepted per day at any representation. The limitation must be notified to the Ministry for Foreign Affairs of Iceland at least 30 days before the limitation is applied. In such cases the parties will jointly seek to identify solutions to assure the best possible conditions for the reception of visa applications in accordance with this agreement.

#### Article 7

##### *Final clauses.*

Further practical conditions of implementation of this agreement may be added in annexes to this agreement, if the parties agree on special terms e.g. maximum number of applications to be handled by Denmark in specific locations.

This agreement enters provisionally into force with effect from the date of signature, except for Article 5 and Annex B which enter provisionally into force at the date of signature with effect from 1 January 2018.

This agreement shall be approved in accordance with the legal procedures of each of the Contracting States and shall enter finally into force on the thirtieth day after the date of exchange of diplomatic notes indicating such approval.

This agreement replaces all previous representation agreements between the Republic of Iceland and the Kingdom of Denmark.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized thereto, have signed the present Agreement.

DONE in duplicate at Borgarnes this 11th day of September, 2019 in the English language.

For  
The Republic of Iceland:

Guðlaugur Þór Þórðarson

For  
The Government of the Kingdom of Denmark

Jeppe Kofod

## ANNEXES

## ANNEX A

**Processing of residence permits (D-visa).**

Processing of applications for a residence permit (D-visa applications) to Iceland are only applicable to applicants with permanent stay in the country of the representing mission.

The Icelandic Directorate of Immigration (DoI) receives, processes, and makes decisions on all applications for a residence permit in Iceland (D-visa applications).

Applicants for a residence permit must send their applications directly to the DoI in Iceland, according to the procedure available on their website. Given that the DoI approves the application, the DoI is responsible for informing the applicant of the decision.

An e-mail including a copy of the passport of the applicant is sent to the Danish diplomatic mission, giving a permission for the issuance of a D-visa.

The applicant will contact VFS and make an appointment to deposit his/her passport, including documentation of grant of residence permit from DoI and a passport size photo. VFS will obtain biometrics (photo only) and will transfer the case to the mission for finalisation/issuance of the D-visa. The applicant will make a payment to the mission for this service using the webshop as well as a service fee to VFS.

We kindly ask the Danish mission to check the applicant's ID against the original passport, the passport copy received from DoI and the photo taken at VFS.

## ANNEX B

**Compensation for additional cost.**

At the signing of the Representation Agreement between the Republic of Iceland and the Kingdom of Denmark, the contracting parties have, in accordance with article five of the agreement, agreed upon the following provisions, which shall form an integral part of the agreement.

## 1. gr.

*Compensation for additional cost*

At locations where the number of visa applications to Iceland exceeds 1.500 and the Danish missions incur costs not covered by the fixed visa fee, Iceland will compensate Denmark accordingly. 1.500 out of the total number of visa applications at each location will not be subject to compensation. Compensation will be retroactive and calculated annually based on fee income, number of visa applications and costs for the previous year.

The compensation level is based on the average net cost pr. visa application at locations where the number of visa applications to Iceland exceeds 1.500. The net cost is the difference between the cost of handling applications to Iceland and income from the fixed fee. The cost of handling is based on direct and indirect costs in relation to visa applications to Iceland, including rent of locations, salaries, IT and central overhead. The average net cost is calculated as the difference between costs and fee income divided by the number of applications. The average net cost pr. visa application will be multiplied by the number of visa applications to Iceland minus 1.500 to calculate the total compensation level for a given year. The average net cost pr. visa application is calculated annually based on actual cost for a given year.

## 2. gr.

*Annual payment*

Payment will be on an annual basis. The Ministry of Foreign Affairs of Denmark will forward an invoice, based on the calculation method in article one of this annex, to the Ministry for Foreign Affairs

of Iceland in May regarding the payment of compensation for the previous year. As an example, the compensation for 2018 is based on the average net cost of DKK 21,2 per visa application.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised thereto by their respective Governments, have signed this Annex.

DONE in duplicate at Borgarnes this 11th day of September, 2019 in the English language.

For  
The Republic of Iceland:

Guðlaugur Þór Þórðarson

For  
The Government of the Kingdom of Denmark

Jeppe Kofod

#### ANNEX C

#### **Contacts of the Icelandic and Danish and authorities.**

Iceland – Ministry of Foreign Affairs – questions about the agreement.  
Ministry for Foreign Affairs  
Department for central Schengen visa processing and representation agreements  
Rauðarárstígur 25  
105 Reykjavík  
PHONE +35 4545 9900 / DIRECT +35 4545 7341  
E-mail [visa@utn.is](mailto:visa@utn.is)  
WWW.MFA.IS

Icelandic Directorate of Immigration – questions in general or specific cases.  
Icelandic Directorate of Immigration  
Dalvegur 18  
201 Kópavogur  
PHONE +35 4444 0900  
E-mail [visa@utl.is](mailto:visa@utl.is)  
WWW.UTL.IS

Denmark – Ministry of Foreign Affairs – questions about the agreement.  
Udenrigsministeriet  
Asiatisk plads 2  
1448 København K  
PHONE +45 3392 0000 / DIRECT +45 3392 1406  
E-mail [bvp@um.dk](mailto:bvp@um.dk)  
WWW.UM.DK

Borgarnesi 2019